

L Ö G

um atvinnubótasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal atvinnubótasjóð, sem vera skal eign ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er:

- a. að veita lán eða styrki til þess að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin er brýnust, og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins;
- b. að veita lán til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

- a. Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 100 000 000.00, sem greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1962.
- b. Eftirstöðvar lána þeirra, sem veitt hafa verið til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu, samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga.

3. gr.

Stjórn atvinnubótasjóðs skipa fimm menn, sem kosnir eru hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Jafnmargir varamenn skulu kosnir með sama hætti. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Félagsmálaráðherra ákveður laun stjórnarnefndarmanna, og greiðast þau, ásamt öðrum kostnaði, úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um lán og styrki, sem veitt eru úr sjóðnum. Að jafnaði skulu lán og styrkir, samkvæmt 1. gr. a., ganga fyrir lánnum, sem veitt eru samkvæmt 1. gr. b. Svo skulu og lán eða styrkir til atvinnuaukningar á stöðum, sem við atvinnuleysi búa, ganga fyrir lánnum eða styrkjum til þeirra staða, sem að þessu leyti eru betur settir.

Samþykki allra stjórnarnefndarmanna þarf til þess að veita styrki, sbr. 1. gr. a., og styrk skal eigi veita nema sérstakir erfiðleikar séu fyrir hendi.

5. gr.

Sjóðstjórninni er rétt að breyta greiðsluskilmálum lána þeirra, sem um ræðir í 2. gr. b., ef samkomulag næst um slíkar breytingar við lántakendur. Heimild þessi nær til þess að lengja greiðslutíma lánanna, lækka vexti eða gefa eftir af lánunum að einhverju eða öllu leyti, ef sérstakar ástæður mæla með slíkri eftirgjöf. Samþykki allra stjórnarnefndarmanna þarf þó til eftirgjafar lánanna.

6. gr.

Umsókn um lán eða styrk úr sjóðnum skal senda sjóðstjórn, og skal fylgja umsókninni:

- a. Upplýsingar um tryggingu fyrir láni og veðbókarvottorð, ef um skip eða fasteign er að ræða.

- b. Vottorð vinnumiðlunar (sveitarstjórnar) um atvinnuástandið í sveitarfélagi, þar sem umsækjandi hyggst reka starfsemi þá, sem styrks eða láns er óskað til.
- c. Aðrar þær upplýsingar, sem stjórn sjóðsins kann að óska eftir.

Þegar sjóðstjórninni þykir ástæða til, skal hún leita umsagnar sveitarstjórnar, Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Búnaðarfélags Íslands eða Iðnaðar-
málastofnunar Íslands, eftir því sem við á, áður en umsókn er afgreidd.

7. gr.

Sjóðstjórnin getur óskað upplýsinga varðandi umsóknir frá hverjum sem er, og er öllum skylt að láta henni slíkar upplýsingar í té, eftir því sem föng eru á.

8. gr.

Vextir af lánum, sem veitt eru úr sjóðnum, samkvæmt 1. gr. b., skulu vera almennir útlánsvextir banka og sparisjóða. Vextir af öðrum lánum skulu eigi vera hærri en 6% p. a.

9. gr.

Atvinnubótasjóður skal vera í vörzlu Framkvæmdabanka Íslands, sem annast bókhald sjóðsins og daglega afgreiðslu mála á hans vegum eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnar. Handbært fé sjóðsins skal ávaxta í Seðlabankanum.

Ráðherra ákveður þóknun til bankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

10. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd af endurskoðendum Framkvæmdabankans.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Sjóðstjórn er heimilt að afla upplýsinga um atvinnuástandið í hinum ýmsu byggðarlögum í landinu og gera um það skýrslu. Sömuleiðis er sjóðstjórninni rétt að gera áætlun um uppbyggingu atvinnuveganna í einstökum byggðarlögum til hliðsjónar við veitingu lána úr sjóðnum til slíkra byggðarlaga um lengra eða skemmra tímabil.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal í fyrsta sinn kjósa stjórn atvinnubótasjóðs. Kjörtími hennar er þar til ný stjórn er kjörin á fyrsta þingi eftir næstu almennar alþingiskosningar.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.